



## **Fundargerð**

471. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 9. september 2021, kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Ingimar Ingimarsson (II), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkominn, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál, þá var gengið til dagskrár,

## **Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.**

### **1. 470. Fundur sveitarstjórnar 19. ágúst 2021**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

### **2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 2. september 2021.**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 2108021 – Vestfjarðavegur 60, slóði að Grónesi.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

2.2 1903004 – Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 -2018, breyting vegna vindorkuvers í Garpsdal.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

## **Mál til afgreiðslu**

### **1. 1911006 - Yfirfærsla Karlseyjarveggar 606-02 til sveitarfélagsins.**

Lagt fram erindi frá Vegagerðinni dags. 3. september 2021, ósk um viðræður vegna skila á vegum sem féllu úr tölu þjóðvega við setningu laga nr. 80/2007. Greinargerð starfshóps júlí 2021 og viðauki úr skýrslu Eflu varðandi Karlseyjarveg.

*Sveitarstjórn samþykkir að ganga til viðræðna um skil á Karlseyjarvegi 606-02 til sveitarfélagsins. Sveitarstjórn gerir kröfu um bætt umferðaröryggi fyrir gangandi vegfarendur. Samþykkt samhljóða.*

## **2. 2108004 - Alþingiskosningar 25. september 2021**

### **2.1 Kjörskrá**

Lagður er fram kjörskrárstofn frá Þjóðskrá Íslands.

*Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við kjörskrárstofninn. Sveitarstjórn samþykkir kjörskrá og skal hún liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins fram að kjördegi. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi í samræmi við 27. gr. laga um Alþingiskosningar. Samþykkt samhljóða.*

### **2.2 Kjörfundur, tímasetning og staðsetning.**

Erindi frá formanni kjörstjórnar, þar sem kjörstjórn leggur til að kjörfundur vegna Alþingiskosninganna 25. september 2021 verði haldinn í stjórnsýsluhúsinu að Maríutröð 5a, og standi kjörfundur frá kl. 10 til 18.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*

## **3. 2109003 - 66. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga 22. – 23. október 2021.**

*Sveitarstjórn mun sækja á þingið ásamt sveitarstjóra. Samþykkt samhljóða.*

### **Mál til kynningar**

#### **1. 2109004 - Jafnvægisvögin.**

Erindi lagt fram og kynnt.

#### **2. 2102015 - 900. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Fundargerð lögð fram.

**Önnur mál :**

**1. 2109006 - Ósk um inngöngu í Öldungaráð.**

Erindi frá Strandabyggð dagsett 8. september 2021.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leiti. Samþykkt samhljóða.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15:57
